

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Meltún, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Meltún, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 10. maí 2000.

Breytingin felst í því að mesta vegghæð húsa við Völuteig 19, 21 og 23 er hækkuð úr 5 í 6,5 m.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og við gildistöku þess fellur úr gildi eldri deiliskipulagsuppdráttur samþykktur í bæjarstjórn október 1999.

Mosfellsbæ, 7. júní 2000.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

7. júní 2000

Nr. 411

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 10. maí 2000.

Breytingin felst í því að útbyggingarreitir einbýlishúsa við Hrafns höfða 17, 19, 21 og 23 og Svöluhöfða 18, 20, 22, 24 og 26 eru rýmkaðir.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi samsvarandi ákvæði í deiliskipulagsskilmálum Höfðahverfis sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 24. júní 1998.

Mosfellsbæ, 7. júní 2000.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

2. júní 2000

Nr. 412

GJALDSKRÁ

fyrir kúasæðingar hjá Búnaðarsambandi Skagfirðinga.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir kúasæðingar:

- a. Gjald af mjólkurinnleggi, 1,7% af afurðastöðvarverði hjá Mjólkursamlagi Kaupfélags Skagfirðinga Sauðárkróki.
- b. Gjald af hverri sæddri skýrslufærðri kú kr. 2.000.
- c. Gjald af hverri sæddri óskýrslufærðri kú kr. 2.500.

Innifalið í þessu gjaldi eru þrjár sæðingar á hverja kú, en sé um fleiri sæðingar að ræða reiknast nýtt gjald eða kr. 2.000 og gildir það einnig fyrir þrjár sæðingar.